



Borgarráð

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um fundargerðir samninganefndar við olíufélög - svar.

Á fundi borgarráðs 9. desember sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins:

Óskað er eftir að allar fundargerðir samninganefndar Reykjavíkur við olíufélögin vegna lóðaafhendingar borgarinnar til olíufélaganna verði lagðar fyrir næsta borgarráðsfund sem haldinn verður 16. desember.

Fyrirspurnin var ítrekuð á fundum borgarráðs 20. og 27. janúar sl. en á fundi borgarráðs 3. febrúar sl. var lagt fram svar samninganefndar vegna viðræðna við rekstraraðila og lóðarhafa bensínstöðvalóða, dags. 24. janúar 2022, við fyrirspurn inni.

Í svarinu er vísað til 28. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 þar sem fjallað er um aðgang sveitarstjórnarmanna að gögnum og þagnarskyldu og til 35. gr. í samþykktar nr. 1020/2019 um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, en þar er mælt fyrir um að borgarfulltrúa sé heimilt að kynna sér gögn sem undanþegin eru upplýsingarétti almennings á skrifstofu borgarstjórnar. Í því sambandi var einnig áréttað að umrædd gögn eru ekki til afritunar, birtingar, deilingar eða dreifing ar.

Umrædd gögn bárust skrifstofu borgarstjórnar í lok dags 3. febrúar sl. þ.e. öll gögn samninganefndarinnar vegna áður nefndra viðræðna við olíufélögin. Gögnin eru rafræn og veru sett upp á sértaka fartölvu sem var komið fyrir í gagnaherbergi borgarráðs. Borgarráðsfulltrúum var boðið til koma og kynna sér gögnin frá og með 4. febrúar sl. á tíma að eigin vali og hafa þeir nýtt sér það.

Skrifstofunni hafa jafnframt borist óskir frá öðrum borgarfulltrúum en þeim sem sitja í borgarráði að fá tækifæri að kynna sér gögnin og verður þeim boðinn aðgangur að gagnaherbergi borgarráðs að loknum fundi borgarráðs 10. febrúar nk. en þá má gera ráð fyrir að borgarráðsmenn hafi lokið a.m.k. fyrsta yfirllestri.

Virðingarfyllst,
Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar